

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Halldór Kristinsson Illugi
Jens Jónasson Davíð Viðarsson
Magnús Eiríksson Kristjana
Hermannsdóttir Valgerður Hlín
Krstmannsdótti Guðmundur
Ólafsson

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 128128. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 18. júlí 2019
og hófst hann kl. 10:15.

Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Davíð Viðarsson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Valgerður Hlín Krstmannsdótti og Guðmundur Ólafsson.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Krstmannsdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Borgarholt 6_Hjörtur Ragnarsson sækir um leyfi fyrir viðbyggingu og gluggabreytingum - 1907001

Hjörtur Ragnarsson óskar eftir leyfi til að byggja við íbúðarhús sitt að Borgarholti 6, Ólafsvík. Um er að ræða stækkun upp á c.a. 10 fermetra þar sem svalir eru núna að vestanverðu. Einnig óskar hann eftir því að fá að breyta gluggum að vestan- og norðanverðu þar sem stækkunin verður.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

2. Brautarholt 20_Vigfús Bjarnason sækir um leyfi til að klæða að utan, breyta þaki bílskúrs, skipta um bílskúrshurð og fjarlægja alla glugga aftan á bílskúr - 1907002

Vigfús Þráinn Bjarnason óskar eftir leyfi til að klæða húsnaði sitt að utan með báru áli og setja þak á bílskúrinn í stíl við þakið sem er á íbúðarhúsinu. Einnig óskar hann eftir því að fá að skipta um bílskúrshurð og loka öllum gluggum aftan á bílskúrnum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

3. Ennisbraut 23_Roman Ostanski sækir um leyfi til að klæða og byggja pall - 1907003

Roman Ostanski óskar eftir því að fá að klæða íbúðarhús sitt að Ennisbraut 23 í Ólafsvík. Klæðningin verður með einangrun, alosink smábáru og timbri. Einnig óskar hann eftir leyfi til þess að byggja 15 fm pall sunnan megin við húsið.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

4. Hamraendar_Sigurgeir Sigmundsson sækir um leyfi fyrir breytingum á gluggum - 1907009

777 

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Sigurgeir Sigmundsson sækir um byggingarleyfi fyrir breytingum á gluggum á Hamraendum. Fyrirhugað er að stækka fjóra glugga á miðhæð hússins en allir verða þeir síkkaðir um 30 cm en suðvestur stofuglugginn verður einnig breikkaður til norðurs.

Þá verður einnig skipt um báða vesturglugga í risi (í svefnherbergjum) og þeir gerðir manngengir og frá þeim keðju- eða fellistigar. Ekki verða stærðarbreytingar á þessum tveimur gluggum.

Björgunarop verður sett á miðja svefnálmuna í risi til norðurs. Opið verður á norðanverðu þaki neðanverðu, vestan við stromp með flóttaleið út á bílskúrspak þar sem kæmi áfestur fellistigi til jaðrar.

Gluggi verður einnig settur á norðurhlið bílskúrs til þess að fá inn birtu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

5. Ólafsbraut 66_Katarzyna Bochra sækir um leyfi til að endurnýja glugga á neðri hæð hússins - 1907005

Katarzyna Bochra óskar eftir leyfi til þess að skipta um glugga á neðri hæð Ólafsbrautar 66. Um er að ræða endurnýjun viðarglugga. Bætt var við einu opnanlegu fagi í öðrum eldhúsglugganum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

6. Sandholt 16_Grzegorz Lakomski sækir um leyfi til að klæða og skipta um glugga og útidyráhuðr - 1907006

Grzegorz Lakomski óskar eftir leyfi til þess að klæða hús sitt að Sandholti 16, Ólafsvík ásamt því að skipta um glugga og útidyráhuðr. Húsið verður að mestu leyti klætt með bárujárni en fyrir ofan og neðan glugga verður timbur. Brúnir plastgluggar verða settir í allt húsið eða alls 10 gluggar. Þar af opnast 6 gluggar alveg en þeir verða í svefnherbergjum, eldhúsi, stofu, baðherbergi og forstofu. 4 gluggar opnast ekkert. Einnig verður skipt um útidyráhuðr.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

7. Sandholt 22_Jóhannes Ólafsson sækir um leyfir til að skipta um einn glugga - 1907007

Jóhannes Ólafsson óskar eftir leyfi til þess að skipta um 1 glugga í stofu sem snýr út að götu.

Kristjana Hermannsdóttir víkur af fundi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Kristjana kemur aftur inn.

8. Sandholt 38_Bárður Jóhannuson sækir um leyfir fyrir viðbyggingu sunnan við húsið ásamt breytingum á gluggum og því að fjarlægja hurð úr borðstofu út í garð - 1907008

Bárður Jóhannuson sækir um leyfi fyrir steinsteyptri viðbyggingu við suðurhlið húss ásamt því að breyta gluggum að hluta til, fjarlægja hurð úr borðstofu út í garð og stækka opnanleg fög í svefnherbergjum svo uppfylli kröfur um stærðir björgunaropa.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara á grendarkynningu.

9. Hafnargata 4_Hjálmar Kristjánsson sækir um leyfi til að klæða húsnæðið og bæta við það innkeyrsluhurð, útidyráhuðr og glugga á norðurhlið hússins -

777

KAA Mik M.G
Gö